



Lagt fyrir 389. fund velferðarráðs 16. desember 2020

VEL20202110020

RÁ/kg

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um sundurliðun á málum (tilvísunum) sem vísað hefur verið til skólaþjónustu*

Þann 18. nóvember lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á málum (tilvísunum) sem vísað hefur verið til skólaþjónustu. Óskað er sundurliðun mála í þrjá flokka:

Í fyrsta flokki væru þyngri mál sem krefjast yfirgripsmikillar greiningar á vitsmunabroska WISC (Wechsler vitsmunabroskapróf) ADHD greiningar, skimunar á Asperger-heilkenni, einhverfu og kvíða- og þunglyndiseinkennum. Hér er um að ræða mál sem fagfólk og foreldrar eru sammála um að nauðsynleg sé að framkvæma til að aðstoða barnið. Þetta er sá hópur sem séð er fyrir að þurfi jafnvel enn ítarlegri greiningu og meðferð á Broska- og hegðunarstöð, Greiningarstöð ríkisins eða Barna og unglingsgeðdeild.

Í öðrum flokki væri um að ræða mál sem eru þess eðlis að hægt er að leysa þau innan skólans með fagfólki. Hluti þeirra gætu þó þurft aðkomu barnalæknis til að hægt sé að setja þau í viðeigandi farveg. Gera þarf skimun með því að leggja fyrir kvarða og próf (Kiddie-Sads, ADIS kvíðagreiningarviðtalið, ADHD skimunarlista).

Í þriðja flokki væru tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf sálfræðinga (PMT) og stuðningi við kennara. Hér er um að ræða sálfræðivinnu sem unnin er í samráði við kennara og foreldra. Í þessum flokki er einnig beiðni um námskeið, hópavinnu og fræðslu

Svar:

Þær upplýsingar sem fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir liggja ekki fyrir út frá umbeðnum flokkunum. Erindi sem berast skólaþjónustu eru skráð í málaskrá út frá eftirfarandi flokkum:

1.Tilvísanir:

Beiðnir um aðkomu sálfræðinga vegna forathugana eða ítarlegri greininga.

Tilvísunum til skólaþjónustunnar er forgangsraðað eftir alvarleika máls

Forgangur 1: Bráðamál, mál sem þola ekki bið s.s. áföll, sjálfsvígshætta, hegðun og líðan nemenda.

Forgangur 2: Þær tilvísanir sem benda til alvarlegra þroskafrávika t.d. hjá ungum börnum eða grunnskólabörnum í kjölfar forathugunar.

Forgangur 3: Alvarlegir hegðunar-, náms eða tilfinningaerfiðleikar.

Forgangur 4: Vægir erfiðleikar barna sem mætt er með annarskonar þjónustu en greiningarferli.

Mál sem flokkast sem forgangur 1 og 2 fara strax í vinnslu en samkvæmt skráningum í málakrá má ætla að um sé að ræða 20% mála.

2. Viðtalsbeiðnir:


Eitt til þrjú viðtöl við foreldra, barn eða kennara og ákvörðun um áframhald tekin á grundvelli þeirra.

3. Bráðamál:

Þau erindi sem lúta að brotum á skólareglum eða öðrum alvarlegum atvikum sem koma upp innan skólans og hafa þessi erindi forgang fram yfir önnur mál.

Í ágúst 2020 höfðu borist 1290 tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál til skólaþjónustunnar en alls bárust 2165 árið 2019. Hér eru ekki meðtalin svokölluð skólamál sem lúta að ráðgjöf og stuðningi við starfsfólk skólanna en þau eru ekki skráð með kerfisbundnum hætti í málaskrá þar sem þau lúta að hópum en ekki einstaklingum. Þann 1. des. 2020 höfðu borist 209 skólamál til þjónustumiðstöðva.

Tilvísanir eru flokkaðar niður í þá þætti sem sjá má á mynd 1 sem sýnir janframt hlutfall aðaltilvísunarástæðu skipt eftir kyni til skólaþjónustunnar í janúar – október 2020.



Mynd 1: Hlutfall aðaltílvísunarástæðu skipt eftir kyni í janúar – október 2020.

Tafla 1 sýnir fjölda mála á vorönn (jan. – júní 2020) eftir stöðu beiðna. Sjá má að 92% af málum sem bárust á vorönn 2020 (jan. – júní) eru komin með þjónustu eða þjónustu lokið 1. desember 2020.

Tafla 1: Tafla 2: Beiðnir sem bárust til skólaþjónustunnar jan. –jún.2020 skipt eftir stöðu beiðna 1. des. 2020

Staða beiðni	Fjöldi	
	barna	Hlutfall
Bíður fyrstu þjónustu	90	8%
Með þjónustu	811	74%
Þjónustu lokið	294	27%
Samtals	1.095	100%

Tafla 2 sýnir stöðuna sé miðað við jan. – október 2020. Þann 1. desember 2020 eru 71% skráðra mála komin í þjónustu eða þjónustu lokið.

Tafla 3: Beiðnir sem bárust til skólaþjónustunnar jan. – okt. 2020 skipt eftir stöðu beiðna 1. des. 2020

Staða beiðni	Fjöldi barna	
		Hlutfall
Bíður fyrstu þjónustu	449	29%
Með þjónustu	786	50%
Þjónustu lokið	327	21%
Samtals	1.562	100%

Niðurstöður greininga/forathugana eru ekki færðar í málaskrá á þann hátt að hægt sé að kalla eftir umbeðnum upplýsingum á kerfisbundinn hátt. Hins vegar mætti huga að því að gera breytingar á málaskrá þannig að hægt yrði að greina farveg tilvísana að forathugun/viðtali lokinni.